

meðal annars er tekið tillit til þess, að selja má bifreiðina á frjáls-
um markaði, þegar greind gjöld hafa verið greidd, ber stefnanda
að fá bæt看 vegna þessa úr hendi stefnda, og þar sem upphæðin
er byggð á mati útnefndra matsmanna og matinu hefur eigi verið
mótmælt, enda virðist upphæðinni í hóf stillt, verður hún lögð til
grundvallar. Upphæð tjónsins vegna afnotamissis bifreiðarinnar
A 566 hefur eigi verið mótmælt, og verður sú upphæð því til greina
tekin.

Upphæð skuldajafnaðarkröfunnar hefur eigi verið mótmælt, og
verður hún því til greina tekin með fullri upphæð. Dæma ber því
stefnda til að greiða stefnanda helming af öllu tjóni hans kr.
12.582,59, að frádregnum kr. 7000,00, sem þegar er greitt, og helm-
ing þess tjóns, er varð á U 64, kr. 2.771,68, eða kr. 2.810,91 auk vaxta
eins og krafizt er frá stefnudegi til greiðsludags. Rétt þykir, að
stefndi greiði stefnanda kr. 1000,00 í málskostnað.

Dóminn kvað upp Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógeta á
Akureyri.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnar Auðunn Stefánsson, greiði stefnanda, Jóni
Rósberg Stefánssyni, kr. 2.810,91 auk 6% ársvaxta frá 12. des.
1953 til greiðsludags og kr. 1000, í málskostnað, allt innan 15
daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. janúar 1955.

Nr. 3/1955. **Hjálmar Þorsteinsson**
gegna
Loftleiðum h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með
kæru 14. desember 1954, er hingað barst 7. þ. m. Krefst
hann þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi
felldur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kæru-
málskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur krafizt staðfestingar hins kærða frá-
vísunardóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja
eftir mati dómsins.

Svo sem getið er í hinum kærða dómi, var málshöfðunar-
frestur samkvæmt 1. málsgrein 37. gr. laga nr. 77/1921 lið-
inn, er aðalmálið var höfðað. En eins og kröfugerð sóknar-
aðilja í aðalmálinu og aðalfundarsamþykkt varnaraðilja frá
15. október 1953 er háttað, gildir nefndur málshöfðunarfre-
stur ekki um málssókn sóknaraðilja samkvæmt 2. málsgrein 37.
gr. sbr. f-lið 2. málsgreinar 31. gr. laga nr. 77/1921, og getur
hann því ekki staðið málssókninni í vegi.

Sóknaraðili átti, svo sem segir í hinum kærða dómi, að
gefa aðiljum þeim, sem hlutabréf hafa fengið úr hendi
varnaraðilja samkvæmt aðalfundarsamþykktinni frá 15.
október 1953, kost á að gæta hagsmuna sinna í málinu. Ber
því með skírskotun til raka hins kærða dóms um þetta at-
riði að staðfesta hann.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumáls-
kostnað, kr. 1000.00.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Hjálmar Þorsteinsson, greiði varnarað-
ilja, Loftleiðum h/f, kærumálskostnað, kr. 1000,00, að
viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 10. desember 1954.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar um framkomna
frávísunarkröfu 11. f. m., hefur Hjálmar Þorsteinsson húsgagna-
meistari, Klapparstíg 26, hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunar-
dómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 11. júní s.l., gegn stjórn
Loftleiða h/f, hér í bænum, fyrir hönd félagsins.

Málavextir eru þessir:

Hið stefnda hlutafélag, Loftleiðir h/f, var stofnað 3. apríl 1944.
Hið upphaflega hlutafé félagsins var 161.000 krónur, og skyldu hluta-
bréfin hljóða á nafn. Hlutaféð var síðan aukið, og á hluthafafundi,
sem haldinn var 29. nóvember 1944, var félagsstjórninni heimilað
að auka hlutafé félagsins upp í 2 milljónir króna. Jafnframt var
lögum félagsins breytt, og munu gildandi lög þess vera frá júlí-

mánuði 1946. Þar segir svo í 4. gr. m. a.: „Hlutfé félagsins er kr. 914.000.00. Skiptist hlutféð í 1000 og 100 króna hluti. Félagsstjórninni er heimilt, að hlutféð skuli aukið upp í allt að kr. 2.000.000.00.“

Í 6. gr. er ákveðið, að minnst 55% af hlutabréfum félagsins skuli vera nafnskráð.

Þá segir svo í 5. gr.: „Hluthafar skulu jafnan hafa forkaupsrétt á aukningu á hlutum í hlutfalli við skrásetta hlutaeign sína, en að öðru leyti fer aukningin fram eftir þeim reglum, er félagsstjórn, í samráði við löglega boðaðan fund í félaginu, setur í hvert skipti.“

Eftir þetta var enn safnað nýju hlutfé, unz seld höfðu verið hlutabréf að nafnverði samtals kr. 1.328.000.00, þar af nafnskráð hlutabréf fyrir kr. 942.400.00.

Á aðalfundi félagsins, sem haldinn var 15. október 1953, var meðal annars gerð svohljóðandi samþykkt: „Jafnframt samþykkir fundurinn að heimila stjórn félagsins, sem kosin verður á þessum fundi, að auka hlutfé félagsins upp í kr. 2.000.000.00.“ Og til viðbótar: „Ef til hlutafjárútboða kemur samkvæmt heimild þessari, skulu hluthafar félagsins ganga fyrir kaupum á hlutabréfum í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína í félaginu.“

Stjórn félagsins auglýsti síðan í 12. tölublaði 47. árgangs Lögbirtingablaðsins, sem út kom 17. febrúar s.l., hlutafjárútboð með svolátandi auglýsingu, dags. 1. s. m.:

„*Hlutafjárútboð*. Samkvæmt ákvörðun aðalfundar í Loftleiðum h/f, sem haldinn var 15. október 1953, verður hlutfé félagsins aukið í kr. 2.000.000.00 — tvær milljónir króna. — Hluthafar njóta forkaupsréttar í hlutfalli við hlutafjáreign sína í félaginu. Gefst hluthöfum hér með kostur á að skrifa sig fyrir aukningarhlutum, samkvæmt ofansögðu, enda sé það gert fyrir 1. marz n. k. og verði hlutabréfin greidd við afhendingu þeirra.“

Stefnandi og nokkrir aðrir hluthafar töldu þessa auglýsingu félagsstjórnarinnar ekki fullnægjandi og aðferð hennar af þessu efni ekki lögmæta. Rituðu þeir því félagsstjórninni sameiginlegt bréf, dags. 25. febrúar s.l., þar sem þeir í 6 liðum setja fram aðfinnslur við gerðir félagsstjórnarinnar og sjónarmið sín.

Í fyrsta lagi mótmæltu þeir sem ólöglegri þeirri aðferð að auglýsa hlutafjáraukninguna aðeins í blaði, sem mjög fáir hluthafar lesi, og það svo seint, að þeir fáu, er lesi Lögbirtingablað, sjái ekki auglýsinguna fyrr en 10—11 dögum áður en fresti til að tilkynna þátttöku í aukningarhlutum sé lokið. Telja þeir skylt að auglýsa slíkt útboð með sama fyrirvara og aðalfund í öllum blöðum landsins, útvarpi og auk þess tilkynna það bréflega eigendum nafnskráðra hlutabréfa.

Þá sé upphæð fyrirhugaðrar hlutafjáraukningar ekki auglýst, og telja þeir það ólöglegt.

Í þriðja lagi mótmæla bréfitararnir því, að löglegt sé að bjóða

til sölu aukningarhluti fyrir nafnverð. Beri það til, að hlutabréf félagsins séu miklu meira virði, og sé með þessu rýrð óeðlilega hlutafjáreign fyrri hluthafa.

Í 4. lið telja bréfitararnir, að skylt sé að setja fyrirfram reglur um það, hversu fara skuli um aukningarhluti, sem hluthafar neyta ekki forkaupsréttar að við fyrsta útboð, og benda sérstaklega á ákvæði 5. gr. samþykktanna um, að „hluthafar skulu jafnan hafa forkaupsrétt á aukningarhlutum í hlutfalli við skrásetta hlutaeign sína“. En samkvæmt þessu eigi aðeins eigendur að *skrásettum* hlutabréfum forkaupsrétt, og komi því eigendur handhafahlutabréfa ekki til greina í þessu sambandi.

Í 5. lið taka þeir fram, að haldi félagsstjórnin fast við að framkvæma hlutafjáraukninguna með þeim hætti, er hún hafi áformað, geymi þeir sér rétt til að fá allri þeirri framkvæmd hrundið og rift með dómi.

Loks óska bréfitararnir hver um sig að fá keypta aukningarhluti, eftir því sem kostur sé, en taka fram, að í þeirri ósk felist engin viðurkenning á hinum ólögsmætu framkvæmdum félagsstjórnarinnar.

Eftir móttöku þessa bréfs ákvað stjórn Loftleiða h/f að framlengja útboðsfrest til 12. marz s.l. Gaf stjórnin út um þetta auglýsingu, sem birt var í dagblöðum bæjarins 5. marz s.l. Hjóðar auglýsingin svo:

„Hlutafjárútboð Loftleiða h/f. Á stjórnarfundi Loftleiða h/f, sem haldinn var 28. febrúar s.l., var samþykkt að framlengja útboðsfresti til 12. þ. m. Til þess dags geta hluthafar því skrifað sig fyrir aukningarhlutum í félaginu. Hlutabréfin verða afhent af gjaldkera félagsins í skrifstofu þess dagana 15.—20. marz. Að öðru leyti vísast til auglýsingar, sem birtist í Lögbirtingablaðinu 17. febr. s.l.“

Jafnframt ritaði félagsstjórnin stefnanda og nokkrum öðrum hluthöfum bréf, dags. 5. marz s.l. svolátandi: „Með því að þér hafið óskað eftir að kaupa aukningarhluti í Loftleiðum h/f, förum við fram á, að þér látið okkur í té skriflegar upplýsingar um handhafa-bréfaeign yðar, með því að ella verður skráð hlutabréfaeign yðar lögð til grundvallar við úthlutun.“

Í svari yðar þarf að geta númers hvers hlutabréfs og þeim verður að framvísa, er afhending aukningarhluta fer fram í skrifstofunni. Svar yðar óskast fyrir 12. þ. m.“

Þessu bréfi svaraði stefnandi auk nokkurra annarra hluthafa með bréfi, dags. 11. marz s.l.

Í svarbréfi þessu er meðal annars fundið að því, að ósamræmi sé milli auglýsingar félagsstjórnarinnar frá 5. marz og bréfsins samdægurs varðandi skráningarfrest fyrir aukningarhlutum, svo sé og hin nýja tilkynning um framlengingu skráningarfrestsins birt með of stuttum fyrirvara vegna þeirra hluthafa, er búi utan Reykjavíkur.

Enn segir m. a. í svarbréfinu svo: „Að öðru leyti ítrekum vér hér með allt, sem vér höfum ritað yður í bréfi, dags. 25. f. m. Sérstaklega áréttast það, að gefnu tilefni í bréfi yðar frá 5. þ. m., að vér mótmælum því, að forgangsréttur hluthafa til aukningar ná til handhafabréfaeignar þeirra.“

Umræddu bréfi svaraði félagsstjórnin með bréfi, dags. 15. marz s.l., þar sem hún tilkynnir m. a. stefnanda, að „hlutfallstala við útlutun aukningarhluta“ í félaginu sé 50,6% miðað við eldra hlutafé, og beri honum því, þar sem hlutafjáreign hans sé kr. 2000.00, að fá aukningarhluti að fjárhæð kr. 1000.00. Ítrekað er í bréfinu, að framvísa þurfi handhafabréfum við kaup á aukningarhlutum, frestur settur til kaupanna og stjórninni áskilinn réttur til aukningar hlutum til annarra að frestinum liðnum.

Hlutafjáreign stefnanda var rétt tilgreind í bréfi þessu, og voru öll hlutabréf hans nafnskráð.

Stefnandi og nokkrir aðrir hluthafar svöruðu bréfinu með bréfi dags. 19. marz s.l.

Visuðu þeir fyrst og fremst til bréfa sinna frá 25. febrúar og 11. marz s.l. Þá mótmæla þeir því, að hver hluthafi eigi heimtingu á aukningarhlutum, sem svari 50,6% af hlutafjáreign sinni og halda því fram, að af ákvæðum 5. gr. félagssamþykktanna leiði, að þeir menn einir, sem eigi nafnskráð hlutabréf, eigi forkaupsrétt að allri hlutafjáraukningunni. Nafnskráð hlutabréf í félaginu séu samtals að nafnverði kr. 942.000.00, aukningarhlutirnir samtals að nafnverði kr. 672.000.00, þ. e. 71,3% af nafnverði hinna nafnskráðu hlutabréfa. Eigendur nafnskráðra hlutabréfa eigi því hver um sig rétt á að kaupa aukningarhluti sem svari 71,3% af nafnskráðri hlutafjáreign þeirra. Enn halda þeir því fram, að óski einhverjir eigendur nafnskráðra bréfa ekki að nota rétt sinn til kaupa á aukningarhlutum, beri að bjóða þau bréf öðrum eigendum nafnskráðra bréfa, meðan nokkur þeirra vilji neyta forkaupsréttar síns, og þá enn í hlutfalli við eign þeirra af nafnskráðum bréfum. Kröfðust þeir þess, að þeim yrðu fengin í hendur aukningarhlutabréf í samræmi við ofanritað. Loks mótmæla þeir enn sérstaklega, að félagsstjórnin láti eigendur handhafabréfa njóta sama réttar til kaupa á aukningarhlutum sem eigendur nafnskráðra bréfa.

Eftir þetta tók stefnandi við og leysti til sín hin boðnu hlutabréf, að nafnverði kr. 1000.00, með þeim fyrirvörum, sem hann hafði áður gert í framangreindum bréfum sínum til félagsstjórnarinnar.

Stefnandi telur, að ljóst sé af framansögðu, að hlutafjáraukning hafi verið framkvæmd með þeim hætti, að hún verði öll ólögleg. Bendir hann á í þessu sambandi, að hlutabréfin hafi fyrir 15. október 1953 og raunar enn, er hlutafjáraukningin fór fram, verið miklu meira virði en nafnverði nemi, verðmætið muni hafa verið með sem svaraði fimm til tíföldu nafnverði. Af þessari ástæðu hafi félags-

stjórninni verið skylt að láta fara fram mat dómkvaddra manna á hlutabréfum félagsins og auglýsa síðan hlutafjáráaukann með gengi í samræmi við það. Hitt sé stórkostlegt lögbrot af hálfu félagsstjórnarinnar að selja hlutafjáráaukann með nafnverði, enda sé hinum fyrri hluthöfum gert mjög órétt með því, þar sem með þessu séu hlutabréf þeirra gerð miklum mun verðminni. Þá sé það fram komið, að hluthöfum hafi verið gefinn kostur á að kaupa aukningarluti, þótt þeir ættu aðeins handhafabréf, og ef hluthafar hafi átt bæði nafnbref og handhafabréf, þá hafi þeim verið gefinn kostur á aukningarlutunum sem svaraði nafnverði beggja flokkanna. Bæði þessi atriði telur stefnandi fara í bága við ákvæði 2. málsg. 31. gr. laga um hlutafélög nr. 77 frá 1921, sbr. 25. gr., sbr. 5.—9. tölulið 3. gr. og 1.—9. tölulið 7. gr.

Yrði svo litið á, að hlutafjáráukning hafi að einhverju leyti farið löglega fram, þá telur stefnandi þó algjörlega ólöglega þá aðferð að veita eigendum handhafabréfa hlutdeild í hlutafjáráukanum og vísar um það efni til ofanefndra ákvæða 5. gr. félagssamþykktanna.

Með skírskotun til þess, er komið hefur fram af hálfu stefnanda og rakið er hér að framan, hefur hann gert eftirfarandi dómkröfur:

Aðallega,

að hin framkvæmda hlutafjáráukning verði dæmd ógild að öllu leyti, *enda* verði stjórn Loftleiða h/f fyrir hönd Loftleiða h/f í Reykjavík dæmd til að kalla inn hlutafjáráaukann, að viðlögðum dagsektum til stefnanda, eigi undir kr. 1000.00 fyrir hvern dag, sem líður frá lokum aðfararfrests í máli þessu, unz félagsstjórnin hefur höfðað mál í því skyni að innkalla hlutafjáráaukann.

En til vara,

að ógild verði dæmd hin framkvæmda sala hlutabréfa til einstakra hluthafa umfram þau bréf, sem þeim hafi verið seld í hlutfalli við hlutaeign sína, þá er nafnskráð var fyrir 15. október 1953,

að stjórn Loftleiða h/f f. h. Loftleiða h/f verði, að viðlögðum dagsektum til stefnanda, sem nú er greint, dæmd til að kalla inn hlutabréf þau, er hún hefur selt einstökum hluthöfum umfram þau bréf, sem þeim hafa verið seld í hlutfalli við hlutaeign sína, nafnskráða fyrir 15. október 1953,

að stjórn Loftleiða h/f f. h. Loftleiða h/f verði, að viðlögðum dagsektum til stefnanda, sem nú var greint, dæmd til að afhenda stefnanda nafnskráð hlutabréf af umræddum hlutafjáráuka, að nafnverði að minnsta kosti kr. 400.00, og að auki öll þau bréf, er aðrir eigendur nafnskráðra bréfa leysi ekki til sín eftir réttum hlutföllum.

Hversu sem málið fer, krefst stefnandi þess, að hin stefnda stjórn Loftleiða h/f verði dæmd fyrir hönd Loftleiða h/f til að greiða honum kostnað sakarinnar fyrir sjó- og verzlunardómi eftir mati dómsins.

Stefnda hefur í greinargerð krafizt þess aðallega, að málinu verði vísað frá dóminum, en *til vara*, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda, þ. e. aðal-, vara- og málskostnaðarkröfum hans. Þá krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins, hvort sem aðalkrafa hennar eða varakrafa verður tekin til greina.

Fimmtudaginn hinn 11. f. m. fór fram munnlegur málflutningur um frávísunarkröfu stefndu. Við málflutninginn endurtók stefnda hana og krafðist málskostnaðar í þessum þætti málsins eftir mati dómsins. Stefnandi krafðist þess, að frávísunarkröfunni yrði hrundið og tekið yrði tillit til þessa þáttar málsins við ákvörðun málskostnaðar í væntanlegum efnisdómi.

Frávísunarkröfuna reisir stefndi á því, að í aðal- og varakröfum stefnanda sé þess krafizt ýmist, að hin framkvæmda hlutafjárahaukning verði dæmd að öllu eða nokkru leyti og hún (stefnda) verði að viðlögðum dagsektum dæmd til að innkalla allan hlutafjárahaukann eða hluta hans. Telur stefnda, að eðli málsins samkvæmt beinist slík kröfugerð ekki gegn henni einni f. h. Loftleidda h/f, heldur einnig gegn þeim fjölmenna hópi hluthafa, er hlutabréfin keyptu. Beri því einnig að stefna kaupendunum samkvæmt 46. gr. laga nr. 85 frá 1936. Þá telur stefnda einnig, að birting stefnunnar sé ólögmæt, sbr. 2. málsg. 95. gr. nefndra laga.

Mótmæli sín gegn frávísunarkröfunni reisir stefnandi á því, að samkvæmt ákvæðum 37. gr. hlutafélagalaganna sé stefnda vegna félagsins réttur fyrirvarsmaður gegn öllum þeim kröfum, sem hann hafi haft uppi í málinu. En í þessari grein segir m. a. svo: „Nú telur hluthafi ályktun hluthafafundar ólögmæta, og er honum þá rétt að krefjast þess, að hún verði ónýtt fyrir dómi, en birt skal hann hafa dómstefnu fyrir stjórn félagsins innan 3 mánaða, eftir að ályktun var gerð.“

Í öðru lagi telur stefnandi, að ekki komi til mála að frávísa síðari lið aðalkröfunnar eða 2. og 3. lið varakröfunnar, þar sem í þeim sé aðeins farið fram á, að hin stefnda félagsstjórn verði skylduð til ákveðinna athafna. En þar sem stefnandi grundvallar síðari lið aðalkröfunnar á því, að fyrri liðurinn verði tekinn til greina, og 2. og 3. lið varakröfunnar á því, að 1. liður hennar verði talinn hafa við rök að styðjast, þykja slík tengsl vera milli allra kröfuliða stefnanda, að þeir eigi að sæta sömu meðferð að því er frávísun varðar.

Það er ljóst, að fyrri liður aðalkröfunnar og 1. liður varakröfunnar varða mjög hagsmuni þeirra hluthafa, er hlutafjárahauka hafa hlotið, þar sem í kröfum þessum felst, ef þær yrðu teknar til greina, skerðing og missir á réttindum, er þeir munu telja sig hafa eignast. Virðist því eðlilegt og sjálfsagt, að stefnandi hefði gefið hluthöfum þessum kost á, með opinberri stefnu eða á annan tryggilegan hátt, að gæta hagsmuna sinna í málinu. Þetta hefur stefnandi ekki gert.

Þá má og á það líta í þessu sambandi, að ákvörðun um framkvæmd hlutafjáraukningar þeirrar, sem um ræðir í málinu, var gerð á aðalfundi Loftleiða h/f, sem haldinn var 15. október 1953. Stefna í máli þessu var birt 11. júní s.l., en þá var hinn tilskildi frestur 37. gr. hlutafélagalaganna til málshöfðunar liðinn.

Að þessu athuguðu þykir eiga að vísa málinu frá dómi. Eftir þessum úrslitum ber samkvæmt 1. málsg. 180. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað. Þykir hann eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 5000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt með-dómsmönnum dr. Þorsteini Þorsteinssyni og Ragnari Jónssyni hrl.

Vegna mikilla anna við borgardómaraembættið og veikinda eins dómarans hefur dómur eigi orðið kveðinn upp fyrr.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Hjálmar Þorsteinsson, greiði stefnda, stjórn Loftleiða h/f fyrir hönd félagsins, kr. 5000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. janúar 1955.

Nr. 61/1954. **Jakob Guðmundsson** (sjálfur)

gegn

Lúdvíg Eggertssyni (Theodór Líndal)

og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um gildi uppsagnar á húsaleigusamningi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. maí 1954. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjandi dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar. Til vara krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og uppsögn gagnáfrýjanda á leiguhúsnæði aðaláfrýjanda frá 11. febrúar 1953 verði metin ógild. Svo krefst aðaláfrýjandi og máls-